



b.t. Lindu Fanneyjar Valgeirsdóttur
Skúlagötu 4,
101 Reykjavík.

Reykjavík 21. febrúar 2020

Efni: Síðari umsögn um drög Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins að reglugerð um innflutning hunda og katta.

Stjórn Hundaræktarfélagsins þakkar ráðuneytinu áheyrn og fund sem haldinn var 20. febrúar 2020 þar sem fulltrúum félagsins gafst tækifæri að fylgja umsögn sinni frá 2. janúar eftir og ræða sjónarmið félagsins. Eins að fá í framhaldinu drög að reglugerðinni eins og hún er að fengnum umsögnum úr Samráðsgáttinni. Með bréfi þessu vill stjórn félagsins áréttta eftirfarandi ábendingar við síðari drög reglugerðarinnar. Að gefnu tilefni vill stjórn félagsins koma þeirri skoðun sinni á framfæri að engar eftirfarandi athugasemda eru þess eðlis að það eigi að hindra að reglugerðin geti tekið gildi eins og áætlað er þann 1. mars nk. Félaginu er mikið í mun að reglurnar, með þeim réttarúrbótum sem í þeim þó eru, taki sem fyrst gildi enda hefur félagið barist fyrir endurskoðun þeirra um árabíl.

1. Áskorun að stytta einangrun úr 14 dögum í 10 daga.

Á fundi ráðuneytisins og félagsins óskuðu fulltrúar félagsins eftir rökstuðningi um tímalengd einangrunar og spurðu hvort skoðað hefði verið að stytta einangrun enn frekar niður í 10 daga eins og þekkist í Nýja Sjálandi og Ástralíu. Á fundinum komu fram þau rök að þegar hundur kæmi í einangrun þyrfti hann að fara í heilbrigðisskoðun sem framkvæmd væri allt að þremur sólarhringum eftir að síðasti hundur kæmi inn í einangrun. Veita þyrfti ákveðið svigrúm frá innkomu til þess að dýralæknir gæti skoðað hundana. Stjórn félagsins vill áréttta og taka undir tillögu sem fulltrúar félagsins settu fram á fundinum um að sameina dýralæknaskoðun við innflutningseftirlit sem framkvæmt er á móttökustöð. Bæði eru framkvæmd af dýralækni. Augljóst hagræði er af því að sameina innflutningseftirlit og fyrstu dýralæknisskoðun einangrunarvistunar auk þess sem það felur í sér sparnað og í því sambandi rétt að benda á að það er innflytjandi sem ber straum af kostnaði, bæði með greiðslu fyrir innflutningsleyfi og eins með greiðslu þjónustu einangrunarstöðvar. Þá er tryggt að dýrið er skoðað og prófanir framkvæmdar um leið og það kemur til landsins. Með þessu eru gæði eftirlits við innkomu aukin. Þá sparast einnig dýrmætur tími og fæst aukið svigrúm til að fækka sólarhringum einangrunar., Vill stjórn því hvetja ráðuneytið að skoða hvort með hliðsjón af þessu verklagi væri hægt að færa einangrun niður í 10 daga í stað 14 daga.

2. Bólusetning gegn hundaæði (e. rabies) áskilin frá löndum þar sem hundaæði finnst ekki og auk þess krafist að framkvæmd sé mótefnaþæling (e. titer test).

Hér er verið að herða kröfur um bólusetningar frá því sem er í dag og áskilja að dýr séu bólusett enda þótt það komi frá landi án hundaæðis. Í því tilviki er um að ræða flutning dýrs milli tveggja svæða en á hvorugu svæðinu finnst hundaæði. Félagið sér ekki rökin að áskilja að dýr sem ferðast á milli slíkra svæða sé bólusett.



Því síður er skiljanlegt að krefjast mótefnamælingar vegna ferðalags hunds innan svæðis þar sem hundaæði finnst ekki. Vill stjórn Hundaræktarfélags Íslands hvetja yfirvöld til að endurskoða reglugerðina með tilliti til þessa og fella niður kröfu um bólusetningu þegar fluttur er hundur frá landi sem er hundaæðisfrítt. Sýnilega óþörf bólusetning getur ekki verið heilnæm fyrir dýrið. Ef ekki er fallist á að fella niður kröfu um bólusetningu í ofangreindum tilfellum þá viljum við hvetja til þess að fallið verði frá mótefnamælingu 30 dögum eftir bólusetningu.

3. Skýrar og fyrirsjáanlegar málsmeðferðarreglur settar um matskennd atriði í reglugerðinni.

Á nokkrum stöðum er Matvælastofnun ætlað að framkvæma mat. Þegar þannig háttar til er nauðsynlegt að matið byggji á málefnalegum sjónarmiðum, taki einvörðungu mið af þeim lögvörðu hagsmunum sem reglugerðinni er ætlað að vernda, jafnræðis sé gætt og meðalhófs gætt, sérstaklega þegar úrræðið er íþyngjandi fyrir innflytjanda eða hund. Því miður hefur nokkuð skort á samræmi í framkvæmd og er upplifun margra félagsmanna Hundaræktarfélags Íslands að geðþótti ráði ríkjum, a.m.k. í einhverjum tilfellum. Því leggur stjórn áherslu á að stofnunin setji sér skýrar málsmeðferðarreglur sem auki fyrirsjáanleika og tryggi jafnræði og meðalhóf.

Þannig er óljóst hvaða reglur gilda þegar um er að ræða innflutning frá landi sem ekki er á listanum yfir viðurkennd útflutningslönd og sækja þarf um sérstaka viðurkenningu Matvælastofnunar áður en innflutningsleyfi er veitt. Eina vísbendingin sem er að finna í reglugerðinni er að hundaæði spilar þar stóran þátt. Hér þyrfti að setja skýrar leiðbeiningar sem tryggja vandaða og málefnalega málsmeðferð, stofnunin sinni rannsóknarskyldu og gæti meðalhófs í ákvörðunum sínum. Brýnt er að framkvæmdin sé samræmd enda brýnt að jafnræði ríki. Með ítarlegum leiðbeiningum eykst gagnsæið og þannig sinnir stofnunin leiðbeiningaskyldu sinni gagnvart innflytjendum. Í fyrri umsögn félagsins um reglugerðina var bent á nokkur lönd og að gefnu tilefni er ítrekað að á listann vantar enn lönd innan Evrópu, eins og Rússland og Ungverjaland auk annarra Austur-Evrópulanda og landa í Suður-Ameríku og í Asíu.

Þá er Matvælastofnun heimilt að krefjast sérstaks skapgerðarmats. Því miður eru mörg dæmi þess að félagsmenn hafa fengið misjafna meðferð sem klárlega er brot gegn jafnræðisreglu stjórnvalda. Þannig eru til dæmi er varða innflutning á fjárhundakyni sem þegar er til hérlendis að krafist var skapgerðarmats fyrir tík af veiðihundakyni en ekki krafist mats á rakka af sama hundakyni og svo mætti áfram telja. Krafa um sérstakt skapgerðarmat er íþyngjandi úrræði og nauðsynlegt að stofnunin útfæri beitingu þess úrræðis með skýrum og fyrirsjáanlegum hætti þar sem jafnræðis er gætt.

Heimild Matvælastofnunar til að veita undanþágu frá einangrun er að sama skapi matskennd og áréttar félagið nauðsyn þess að beiting hennar sé fyrirsjáanleg og aðgengileg og jafnræðis gætt.

Að því leyti sem ekki var tekið tilliti til athugasemda félagsins í umsögn þess dagsettri 2. janúar 2020 ítrekast þau sjónarmið enda fullgild. Að endingu vill stjórn félagsins árétta fyrri afstöðu sína og ósk um gæludýravegabréf þegar hundur er fluttur frá Norður Evrópu til Íslands. Ef einangrun telst engu að síður nauðsynleg frá þessum löndum þá að hún verði ekki lengri en 10



dagur eins og þekkt er í Nýja Sjálandi og Ástralíu. Hjálparhundar sem fylgja eigendum sínum í hvívetna ættu að geta ferðast óheft með gæludýravegabréfi. Stjórn Hundaræktarfélags Íslands telur að ofangreint feli í sér næga sóttvörn og sé tilhlýðileg ráðstöfun út frá þeirri sóttvarnaráhættu sem af innflutningi stafar.

Sú tillaga að draga úr einangrun úr fjórum vikum niður í tvær vikur og heimila heimasóttkví fyrir hjálparhunda er vissulega stórt skref í rétta átt og því ber að fagna.

Að lokum er það fagnaðarefni að til standi að endurmeta áhættu af innflutningi á kældu sæði og hlakkar stjórn félagsins til áframhaldandi samstarfs við ráðuneytið og Matvælastofnun þar um. Mun það verða hundarækt á Íslandi til framdráttar ef hægt verður að uppfæra þær reglur enda ganga núverandi reglur alltof langt og eru í engu samræmi við þá áhættu sem af slíkum innflutningi stafar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar HRFÍ


Herdís Hallmarsdóttir, formaður.



F.C.I.
Fédération Cynologique
Internationale



N.K.U.
Nordisk
Kennel Union

Síðumúla 15
108 Reykjavík
Iceland

Sími / Tel. +354 588 5255
Fax +354 588 5269

hrfi@hrfi.is
www.hrfi.is